

*Sveitarstjórn samþykkir tillögu að deiliskipulagi svæðis fyrir þjónustustofnanir í landi Kárhóls og samsvarandi breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2011-2023. Sveitarstjórn felur skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna gildistöku tillagnanna eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.*

### **3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 16.04.2015**

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 16. apríl s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í 4 liðum.

1.liður fundargerðar; Vaglaskógur, deiliskipulag Sveitarstjórn samþykkir lýsinguna og að umsækjanda verði heimilað að vinna tillögu að deiliskipulagi skv. henni. Jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að leita umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaradilum og kynna hana fyrir almenningi eins og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

2.liður fundargerðar; Fellsendi, stofnun lóðar Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna lóðina í fasteignagrunni Þjóðskrár.

3.liður fundargerðar; Dalakofinn, umsókn um stöðuleyfi Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa að gera tillögu að reglum (reglugerð) og gjaldskrá fyrir leyfisveitingu fyrir geymslugáma í sveitarfélaginu þar sem sérstaklega verði kveðið á um staðsetningu frágang og gjaldskrá.

4.liður fundargerðar; ferðaþjónusta í Þingeyjarsveit, rekstrarleyfi vegna gistipjónustu.

*Sveitarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu þessa liðar og vísar erindinu aftur til nefndarinnar til frekari skoðunar og útfærslu.*

### **4.Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 20.04.2015**

Lögð fram fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 20. apríl s.l. Heiða gerði grein fyrir fundargerðinni sem er 4 liðum.

*Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.*

### **5. Ársfundur SÍMEY**

Lagt fram fundarboð á ársfund SÍMEY sem haldinn verður þann 13. maí n.k. að Þórsstíg 4 á Akureyri.

*Samþykkt að Margrét Bjarnadóttir fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundunum.*

### **6. Styrkumsókn – UMF Bjarmi**

Tekið fyrir erindi frá Jóni Þ. Óskarssyni f.h. UMF Bjarma, dags. 10. apríl s.l. þar sem óskað er eftir styrk til kaupa á sláttuvél til að slá íþröttavöll félagsins á landsvæði við Fnjóskárbrú.

*Erindið þegar afgreitt af Félags- og menningarmálanefnd, sbr. fundargerð nefndarinnar frá 20 apríl sl.*

### **7. Aðalfundur Veidifélags Fnjóskár**

Lagt fram aðalfundarboð Veidifélags Fnjóskár sem haldinn verður 4. maí n.k. í Skógum í Fnjóskadal.

*Samþykkt að Margrét Bjarnadóttir fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.*

### **8. Áskorun um að friðunarsvæði fyrir kvíaldri nái yfir í Eyjafjörð**

Fyrir fundinum liggja bréf frá stjórn Veidifélags Laxár í Aðaldal og aðalfundi Veidifélags Skjálfafljóts þar sem félögin lýsa þungum áhyggjum yfir hugsanlegu laxeldi í Eyjafirði.

*Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að stækka friðunarsvæði fyrir kvíaldri þannig að það nái yfir Eyjafjörð. Sveitarstjórn bendir á að í sveitarfélaginu eru þrjár sterkar og mikilvægar stangveiðiar, Fnjóská, Skjálfafljót og Laxá í Aðaldal. Með stækkun friðunarsvæðisins verði fiskistofnar þessara áa varinn fyrir sjúkdómum og erfðamengun. Með því myndu stjórnvöld jafnframt halda hlífiskildi yfir laxastofninum í Laxá í Aðaldal eins og þeim ber samkvæmt lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 97/2004 og lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.*

### **Lagt fram til kynningar:**

- Fundargerð 264. og 265. funda stjórnar Eyþings
- Fundargerð 20. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga ásamt ársreikningi 2014
- Fundargerð stjórnar Hvamms sf. 13.03.2015
- MMP – ársreikningur 2014

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:40



## Vinnuskóli Þingeyjarsveitar laus staða flokksstjóra

Vinnuskóli Þingeyjarsveitar óskar eftir að ráða flokksstjóra í 60% starfshlutfall fyrir sumarið 2015.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri, hafa gott lag á börnum og unglingum og vera þeim góð fyrirmynd í starfi.

Í starfinu felst m.a. að leiðbeina og kenna öguð og rétt vinnubrögð við fjölbreytt störf.

Vinnutímabilið er að lámarki 8 vikur og byrjar 1. júní.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum launanefndar sveitarfélaga.

Vinnustaðurinn er tóbakslaus.

Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Einnig má nálgast umsóknareyðublöð á heimasíðu Þingeyjarsveitar [www.thingeyjarsveit.is](http://www.thingeyjarsveit.is)

Nánari upplýsingar veitir Ingólfur Pétursson í síma 464-3322 eða [ingolfur@thingeyjarsveit.is](mailto:ingolfur@thingeyjarsveit.is)

Umsóknarfrestur er til mánudagsins 18. maí n.k.

Skila skal umsóknum á skrifstofu Þingeyjarsveitar eða á netfangið [ingolfur@thingeyjarsveit.is](mailto:ingolfur@thingeyjarsveit.is)

*öllu leyti eru einskiptiliðir sem ekki er hægt að byggja rekstur sveitarfélagsins á.*

*Þarna er um að ræða framlög Jöfnunarsjóðs, efnis- og landsala á Þeistareykjasvæðinu og síðan lægri verðbólga á árinu 2014 heldur en gert var ráð fyrir í áætlun ársins. Framlög jöfnunarsjóðs eru t.d. tæpum 35 milljónum hærri en ráð var fyrir gert.*

*Að þessu upptölu er ljóst að rekstur sveitarfélagsins er í jánnum líkt og fyrr og eðlilegt er að gæta aðhalds og fara í heildstæða skoðun á útgjöldum sveitarfélagsins. Við lýsum yfir fullum vilja til að koma að slíkri endurskoðun.*

Fulltrúar A lista lögðu fram eftirfarandi bókun:

*Við fulltrúar A lista ítrekum ánægju okkar með niðurstöðu ársreikninga og teljum þá sýna ótvíræð batamerki í rekstri sveitarfélagsins. Þó ákveðin framlög úr Jöfnunarsjóði hafi hækkað eru önnur lægri en gert var ráð fyrir. Framlög úr Jöfnunarsjóði eru ekki einskiptistekjur, þó heildarupphæð þeirra sé alltaf ákveðinn óvissuþáttur. Eins eru efnisgjöld á Þeistareykjum greidd samkvæmt samningi og því ekki einskiptistekjur. Fulltrúar A lista ítreka þakkir sínar til starfsfólks sveitarfélagsins fyrir vel unnin störf og aðhald í rekstri.*

### **2. Kárhóll – Aðal- og deiliskipulag**

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 12. febrúar 2015 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi svæðis fyrir þjónustustofnanir í landi Kárhóls í Reykjadal í Þingeyjarsveit. Deiliskipulagssvæðið er 15,2 ha að stærð og þar verður starfrækt alþjóðleg rannsóknarstöð sem vinna mun að almennum vísindarannsóknnum auk þess sem rannsókuð verða efri hvolf lofthjúps jarðar, m.a. norðurljós. Einnig er áætlað að reka þar gestastofu fyrir almenning til kynninga og upplýsinga um eðli norðurljósa. Í tillögunni er gert ráð fyrir nýbyggingu á þremur hæðum allt að 800 m<sup>2</sup> að stærð auk þess sem settir eru byggingarskilmálar fyrir allar byggingar á skipulagssvæðinu. Samhliða ofangreindri deiliskipulagstillögu var auglýst tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022. Breytingin er gerð til samræmis við auglýsta deiliskipulagstillögu og nær til nýs svæðis fyrir þjónustustofnanir, Þ-15, í landi Kárhóls.

Tillögurnar voru auglýstar skv. 1. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá og með 13. mars 2015 með athugasemdarfresti til og með 24. apríl 2015. Engar athugasemdir bárust en umsagnir án athugasemda bárust frá Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.



## Fundargerð Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 30.04.2015

169. fundur  
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar  
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 30. apríl kl. 13:00

### Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Sæþór Gunnsteinsson í forföllum Árna Péturs Hilmarsson, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að taka á dagskrá undir 7. lið; Aðalfundur Veidifélags Fnjóskár og undir 8. lið; Áskorun um að friðunarsvæði fyrir kvíaeldi nái yfir í Eyjafjörð.

*Samþykkt samhljóða.*

### Dagskrá:

- 1) Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2014 – seinni umræða
- 2) Kárhóll – Aðal- og deiliskipulag
- 3) Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 16.04.2015
- 4) Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 20.04.2015
- 5) Ársfundur SÍMEY
- 6) Styrkumsókn – UMF Bjarni
- 7) Aðalfundur Veidifélags Fnjóskár
- 8) Áskorun um að friðunarsvæði fyrir kvíaeldi nái yfir í Eyjafjörð

### 1. Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2014 – seinni umræða

Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2014 lagður fram til síðari umræðu ásamt endurskoðunarskýrslu KPMG.

*Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2014 samþykktur samhljóða og undirritaður. Ársreikningurinn verður aðgengilegur á heimasíðu sveitarfélagsins.*

Fulltrúar T lista lögðu fram eftirfarandi bókun:

*Þó það sé ánægjulegt að sveitarfélagið skili jákvæðri afkomu fyrir árið 2014 ber að benda á að þeir þættir sem gera afkomuna jákvæða að nánast*



## Auglýsing um skipulag í Vaglaskógi.

Skógrækt ríkisins er að hefja vinnu við deiliskipulag fyrir Stórarjóður og Hróarsstaðanes ásamt svæðis umhverfis verslun í Vaglaskógi. Deiliskipulagið felur m.a. í sér að skilgreina fyrirkomulag tjaldsvæða, snyrtinga, göngustíga, áningarstaða, leiksvæða og bílastæða á svæðunum ásamt því að staðsetja áningarbyggingu og mögulega þjónustubyggingu á svæðinu. Í deiliskipulagi verður sérstök áhersla lögð á að allar framkvæmdir muni falla vel að umhverfinu og þannig reynt að stuðla að verndun svæðisins.

Þegar vinna við gerð deiliskipulagstillögu hefst, skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu. Í skipulagslýsingu koma fram áherslur sveitarstjórnar við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Skipulagslýsing skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mun liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar frá og með fimmtudeginum 7. maí til og með fimmtudeginum 28. maí 2015. Lýsingin verður einnig aðgengileg á sama tíma á heimasíðu Þingeyjarsveitar: <http://www.thingeyjarsveit.is> undir: Skipulagsmál/Deiliskipulag/Tillögur í auglýsingu. Þeim sem vilja gera athugasemdir við lýsinguna eða koma með ábendingar er gefinn frestur til og með 28. maí til að koma þeim skriflega á framfæri til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar og/ eða í tölvupósti á netfangið: [bjarni@thingeyjarsveit.is](mailto:bjarni@thingeyjarsveit.is).

Allar nánari upplýsingar gefur undirritaður.  
Bjarni Reykjalin,  
skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar



## Pingeyjarsveit

Frá sundlauginni á Laugum  
Vinsamlega athugið eftirfarandi  
opnunartíma

14. maí. Opið 14 - 17

23. maí. Opið 10 - 13

25. maí. Opið 14 - 17

17. júní. Opið 10 - 14

26. maí til og með 2. júní. Lokað vegna viðhalds

3. júní. Sumaropnun  
Opið alla daga 10 - 21 í sumar!

Síminn í sundlauginni er 862-3822

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður í síma 862-4677

Geymið auglýsinguna



Sundlaug Laugum

# Hlaupastelpan



Kemur út á fimmtudögum.

Efni skal skila inn fyrir kl. 15:00 á þriðjudögum

Bjóðum upp á : Hálfíðu kr 2900  
Heilsíðu kr. 3990



## Nú er komið að því! Tapazveisla í Selinu!

9. maí munum við bjóða upp á Tapazveislu þar sem að Húsvíkingarnir Guðni Braga og Hjalli Ingimars munu halda uppi stúdíum.

16. maí verður önnur Tapazveisla og mun „Tvíeyki Íslands (ekki einleikið)“, Dalameinnirnir Knútur Emil Jónsson og Pétur Ingólfsson sjá um að spila ljúfa tóna fram í vorbjarta nóttina. Í tilefni af opnum á nýrri móttöku og veitingasölum munum við bjóða öllum upp á fordrykk við komuna.

Verð í Tapazveisluna eru kr. 6.900,- á mann.

Gistitilboð aðeins kr. 12.900,- tveggja manna herbergi og 10.900,- fyrir eins manns herbergi.

Morgunverðarhlaðborð innifalið.

*Ekki missa af gæðinu!*



### Kaldir réttir

Tönd margarilla „brachetta“ á toast meðla - Ratahouille gressocci á tónjan ristaðri kartöflusköflu - Rýstet hryfnu á ristadu bræði með piparrét - Nastabýgurúlla fyllt með kryddadum gjómasoti - Þvítvör og kryddstíkt risamjúga á spjóti - Kartöflu og blaðlaukaspá.

### Völgur/heitir réttir

Léttleik gæsbrúga með kryddjurtu rasólaukasmarmaláði - Rísottu gressocci/réttika með hvítlaucsmjúgosi  
Suðrænt gjómasóttafjót - Pipræð nastabýllit á spjóti með brasaic-mjúgosi - Þvegðalað lambkjötlaet með trufflum og rucola  
Grillað höfnuskel á spjóti

### Eftiréttir

Walrona stíkkulaði bollur með gjómasópp - stíkkulaði og myndu skyrkaka - cypelatart með karnellauku

Nánari upplýsingar á Sel-Hótel Mývatni s. 464 4164 eða [mvatni@mvatni.is](mailto:mvatni@mvatni.is)

## Orlofsferð húsmæðra í Suður – Þingeyjarsýslu 2015

Farið til Malaga á Spáni Dagana 24.-28. Október  
2015 (laugardag – þriðjudag)

Innifalið er flug frá Akureyri Malaga á Spáni, gisting og morgunverður.

Umsóknir þurfa að berast undirrituðum fyrir 13. maí nk.  
Ætlað verð er 101.000 kr. á konu.

Rétt til orlofsferðar hafa konur sem staðið hafa fyrir heimili án  
launagreiðslu. Ekki verður farið í ferðina nema lágmarksfjöldi  
verði náð.

Nánari upplýsingar veita:

Katý Bjarnadóttir, sími 864-0029, [katybjarna@gmail.com](mailto:katybjarna@gmail.com)

Rakel Matthíasdóttir, sími 895-0321, [srakel@simnet.is](mailto:s rakel@simnet.is)

Guðný Þorbergsdóttir, sími 845 9828 [holar2@gmail.com](mailto:holar2@gmail.com)



# Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015-2019



Undirbúningur er hafinn að stefnumótun fyrir Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015-2019, í samræmi við samning milli ríkisins og Eypings. Ákveðið hefur verið að halda fjóra opna svæðafundi til að ræða framtíð svæðanna og landshlutans og safna hugmyndum og forgangsráða þeim.

**Fundirnir eru öllum opnir og eru íbúar hvattir til að mæta og taka þátt í að móta stefnu og áherslur landshlutans.**

### Fundarstaðir og fundartímar eru eftirfarandi:

**12. maí** (þriðjudagur), kl. 17:00

Sal Framsýnar, Garðarsbraut 26, fyrir Húsavík, Tjörneshrepp, Skútustaðahrepp og Þingeyjarsveit.

**13. maí** (miðvikudagur), kl. 17:00

Félagsheimilinu Hnitbjörg, Raufarhöfn, fyrir svæðið frá Kelduhverfi til Langanesbyggðar.

*Tveir fundir verða haldnir síðar í Eyjafirði.*

Í nýrri Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015-2019 á sérstaklega að fjalla um nýsköpun og atvinnuþróun, menningarmál, uppbyggingu mannaúts og lýðfræðilega þróun á svæðinu. Á fundunum verður fjallað um stöðu Norðurlands eystra í þessum málaflokkum í stuttum kynningum og síðan unnið í hópum. Eyping – samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum hefur umsjón með vinnunni og nýtur aðstoðar Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar.

*Æskilegt, en ekki skilyrði, er að þátttakendur skrái sig á fundina fyrir 12. maí á netfangið: [linda@eything.is](mailto:linda@eything.is)*

## Snyrtipinninn auglýsir

### *Opnunartíma í sauðburði*

Opnunartíminn í sauðburði verður eftir samkomulagi. Tímapantanir í síma **4643200**, vinsamlegast lesið inn á talhólfíð ef ég kemst ekki í símann og ég mun hafa samband.

Anna Geirlaug  
Snyrtifræðingur



## **Umf. Efling auglýsir**

Opið verður fyrir pantanir á nýjum æfingar/keppnisbúning Eflingar til og með mánudeginum 11. maí. Búningurinn er blár, svartur og blár (með smá hvítu á treyju og sokkum). Hann samanstendur af treyju (lang- eða stuttermi), stuttbuxum og sokkum. Hann kostar 4000 krónur án nafns og 5000 krónur með nafni og númeri á baki.

Hægt verður að máta og skoða búninginn á aðalfundi Eflingar sem fer fram í matsal Litlulaugaskóla fimmtudaginn 7. maí kl. 20:30.

Dúna tekur við pöntunum í síma 663-4511 og á [duggond82@gmail.com](mailto:duggond82@gmail.com), einnig er hægt að senda á [umfefling@gmail.com](mailto:umfefling@gmail.com).

Stjórnin

18.tbl.  
7. maí  
2015  
22. árg.

## Hlaupastelpan

[hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is), s:4643366/gsm:8953386



## Frá Tónlistardeild Litlulaugaskóla

Vortónleikar nemenda verða haldnir í Félagsheimilinu að Breiðumýri laugardaginn 9. maí klukkan 14:00.  
Fjölbreytt efnisskrá - Allir velkomnir.  
Deildarstjóri.

## Til leigu

Til leigu tún, 20-25 hektarar .

Nánari upplýsingar:

Guðríður á Veturliðastöðum Fnjóskadal. s: 4626359